

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 309/1991. **Böðvar Bragason**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Jóni Ólafssyni Friðgeirssyni**

(Gestur Jónsson hrl.).

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Endurkrafa.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Í héraðsdómi er ekki rétt farið með nafn stefnda, en hann heitir fullu nafni Jón Ólafsson Friðgeirsson, kt. 060854-5219.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1991. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða sér 144.295,66 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. október 1990 til greiðsludags, og verði vextir lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. október 1991. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

### **D ó m s o r ð :**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Böðvar Bragason, greiði stefnda, Jóni Ólafssyni Friðgeirssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1991.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. maí 1991, hefur Böðvar Bragason, nnr. 1492-9347, Reykjavíkurvegi 35,

Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 20. nóvember 1990, á hendur Jóni Ólafssyni, nnr. 5129-1300, Stigahlíð 82, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 144.295,66 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Einnig krefst stefndi þess, að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu og að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól, samanber 12. gr. 1. nr. 25/1987.

#### *Málsatvik, málsástæður og lagarök.*

Mál þetta er til komið vegna skuldabréfs, að fjárhæð 160.000 kr., sem Jóhann Bragason gaf út 18. október 1985 til Úlfars Eysteinsonar. Fjárhæð bréfsins var bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1144. Af láninu bar að greiða 2% samningsvexti, og það skyldi endurgreiða með fjórum afborgunum á vikufresti, í fyrsta skipti 7. mars 1990.

Með nafnritun sinni á framhlið skjalsins tókust stefnandi og Bragi Eiríksson á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldarinnar. Efst á bakhlið skjalsins er skrifað: „Samþykkur framangreindri sjálfskuldarábyrgð“, og þar undir er nafnritun stefnda. Neðar á bakhlið skuldabréfsins eru framsöl Úlfars Eysteinsonar til stefnda og framsal stefnda til Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Neðst á bakhliðinni er síðan kvittun Tryggingamiðstöðvarinnar hf. um, að bréfið hafi að fullu verið greitt.

Stefnandi kveður aðalskuldara bréfsins, Jóhann Bragason, hafa verið gjaldþrota, þegar komið hafi að greiðslu bréfsins. Hafi þá Tryggingamiðstöðin hf. krafist stefnanda um greiðslu allrar skuldarinnar. Hafi stefnandi greitt Tryggingamiðstöðinni hf. skuldina 7. júní 1990 með 432.887 kr. Stefnandi skirskotar til þess, að það sé almenn regla í íslenskum rétti, að endurkröfuréttur sjálfskuldarábyrgðarmanna innbyrðis sé alltaf pro rata og jafn, nema ritað hafi verið á bréfið sjálft um aðra innbyrðis ábyrgð. Beri stefnda því að greiða stefnanda þriðjung af því, sem stefnandi hafi greitt Tryggingamiðstöðinni hf., 144.295,66 kr.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi fengið bréfið framselt frá Úlfari Eysteinessyni. Stefnandi hafi síðan tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð, er hann framseldi bréfið Tryggingamiðstöðinni hf.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi hvorki gengist undir sjálfskuldarábyrgð gagnvart aðalskuldara, Jóhanni Bragasyni, né gagnvart hinum upphaflegu sjálfskuldarábyrgðarmönnum. Stefnandi hafi með því að gerast sjálfskuldarábyrgðarmaður á bréfinu, þá er hann framseldi það,

einungis orðið ábyrgur gagnvart Tryggingamiðstöðinni hf. og síðari framsalshöfum, en á engan hátt gagnvart stefnanda.

*Forsendur og niðurstaða.*

Með bókun í þinghaldi 8. maí 1991 var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að áritun stefnda sem sjálfskuldarábyrgðarmanns hafi ekki verið rituð á bréfið, þegar stefnandi hafi undirritað það, og að áritun stefnda sé seinna til komin.

Úlfar Eysteinnsson bar fyrir dómi, að hann hefði framselt stefnda skulda-bréfið og að yfirlýsing stefnda um sjálfskuldarábyrgð hefði þá ekki verið á bréfinu.

Gunnar Felixson, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar hf., bar fyrir dómi, að stefndi hefði tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á bréfinu í tilefni kaupa félagsins á því og að kröfu félagsins. Gunnar kvaðst sjálfur hafa ritað nafn Jóns Ólafssonar á framhlið bréfsins og einnig ritað: „Samþykkur framangreindri sjálfskuldarábyrgð“ á bakhlið bréfsins.

Með framburði ofangreindra vitna þykir sannað, að stefndi fékk bréfið framselt frá Úlfari Eysteinessyni og tókst fyrst á hendur sjálfskuldarábyrgð, er hann framseldi það Tryggingamiðstöðinni hf.

Telja verður, að um innbyrðis endurkröfurétt sjálfskuldarábyrgðarmanna á skuldabréfi gildi sú meginregla, að þeir skuli bera jafna ábyrgð, ef önnur skipting ábyrgðarinnar verður ekki leidd af skuldabréfinu sjálfu eða réttarsambandi þeirra.

Er stefndi framseldi bréfið Tryggingamiðstöðinni hf., báru stefnandi og Bragi Eiríksson sjálfskuldarábyrgð gagnvart stefnda sem handhafa bréfsins. Innbyrðis réttarsambandi stefnanda og stefnda var því ekki svo háttáð, að þeir væru samábyrgðarmenn. Ljóst er, að það var ekki forsenda stefnanda fyrir því að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð, að stefndi tækist einnig á hendur slíka ábyrgð. Þá bendir ekkert til þess, að stefndi hafi með yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð viljað skerða rétt sinn sem handhafi bréfsins gagnvart þeim mönnum, sem upphaflega höfðu tekist á hendur ábyrgð á greiðslu bréfsins.

Eins og atvikum er háttáð, þykir það ekki eiga að breyta fyrra réttarsambandi aðila, að stefndi framseldi skuldabréfið og tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð í tilefni af því. Stefnandi þykir því ekki hafa eignast kröfu á hendur stefnda við það að greiða að fullu skuld samkvæmt skuldabréfinu.

Samkvæmt framansögðu þykir réttarsambandi stefnanda og stefnda vera svo háttáð, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda 55.000 krónur í málskostnað og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti sam-

kvæmt III. kafla 1. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Það er aðfinnsluvert, að kennitölur aðila eru ekki tilgreindar í stefnu. Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Ólafsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Böðvars Bragasonar.

Stefnandi greiði stefnda 55.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla 1. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---